

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 440/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Trausta Róbert Guðmundssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Sifskaparbrot. Kynferðisbrot. Frelsissvipting. Húsbrot. Þjófnaður, tilraun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1992 að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað. Skipaður verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar refsingar. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar 10. mars sl. Dómendur og sakflytjendur sáu þá mynd af því, er héraðsdómari tók skýrslu af barninu Í. Með ákvörðun réttarins var frekari meðferð málsins frestað, uns teknar hefðu verið fyrir héraðsdómi skýrslur af lögreglumönnunum Gísla Kristni Skúlasyni og Jóni Sigurði Ólasyni. Þeir komu fyrir dóm 24. mars, og hefur það, sem þá var bókað, verið lagt fyrir Hæstarétt auk nokkurra annarra nýrra gagna.

Ákæra í máli þessu er í tveimur hlutum, en varðar þó að öllu atburði, sem urðu á um það bil klukkustund aðfaranótt 10. október 1992. Atvikum er lýst í héraðsdómi og að nokkru leyti hér á eftir.

Í fyrsta lagi er ákært fyrir húsbrot og tilraun til þjófnaðar í ... í Reykjavík. Í ákæru er þetta talið varða við 231. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Héraðsdómari hefur vísað kröfu um sakfellingu eftir 231. gr. frá dómi á þeim grundvelli, að krafa húsráðanda í ..., G, hafi komið fram 19.

nóvember sl., en ákæran sé dagsett 10. nóvember. Verði að skilja 242. gr. hegningarlaga þannig, að refsikrafan hafi komið fram of seint. Á þetta verður ekki fallist, sbr. hrd. 10. apríl 1992 í máli nr. 259/1991.

Upplýst er í máli þessu með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur sönnunargögn, að hann fór inn í húsið ... um ólæstar dyr og hafði á brott með sér stúlkuna Í. Hann sagði sjálfur fyrir dómi, að hann hefði farið inn til að hvíla sig, en síðan hefði hann farið að leita að peningum.

Verknaðarlýsing í ákæru svarar til 231. gr. hegningarlaga, enda fellur mótstöðulaus för um ólæstar dyr inn í íbúðarhús undir ákvæðið.

Ekki er varhugavert að treysta á skýrslu ákærða um, að hann hafi farið inn í húsið að leita sér hvíldar, en síðan hafi hann tekið til að leita að peningum. Ásetningur til þjófnaðar skapaðist því ekki fyrir en eftir, að ákærði hafði framið húsbrot. Verður hann því sakfelldur fyrir brot á báðum lagaákvæðunum, sem eru nefnd í þessum hluta ákæru.

Í öðru lagi er ákært fyrir sifskaparbrot og kynferðisbrot, eins og segir í ákæru, svo og frelsissviptingu, þó að það orð sé ekki að finna í ákærunni, en þar er vísað í 193. gr., 1. mgr. 226. gr., 1. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. laga nr. 40/1992 um breytingu á þeim, svo og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, samanber nú 64. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.

Ákærði tók telpuna Í úr rúmi hennar, þar sem hún svaf ein í herbergi að ... og bar hana í Fossvogskirkjugarð og um garðinn og loks yfir girðingu, þar sem hann lét hana frá sér, þegar lögreglumenn voru í nánd. Er þetta ljóst af málgögnum. Hefur ákærði brotið 193. og 226. gr. almennra hegningarlaga. Tæmir fyrrnefnda ákvæðið ekki sök gagnvart 226. gr., sbr. hrd. 19. mars 1993 í máli nr. 101/1993.

Héraðsdómari mat sönnunargögn svo, að sannað væri, að ákærði hefði sýnt barninu kynferðislega áreitni.

Þegar Jón Sigurður Ólason lögreglumaður kom fyrir dóm 24. mars sl., var bókað, að hann hefði verið staddur mjög neðarlega í kirkjugarðinum og leitað telpunnar eftir ábendingu Gísla Kristins

Skúlasonar lögreglumanns. Hafi Gísli Kristinn „bent í austurátt, og kveðst vitnið hafa hlaupið í þá átt og kallað upp nafn stúlkunar. Hún hafi strax svarað hátt og skýrt og vitnið þá hlaupið til hennar. Hafi hún þá verið fyrir neðan girðingu, utan kirkjugarðsins. Segir vitnið, að þegar hann kom að henni, hafi hún verið uppistandandi og hálfkjökrandi, í nærhol einum fata, blaut og köld. Kveðst vitnið hafa fært hana í jakka sinn, tekið hana upp og kallað eftir aðstoð í talstöð, en því næst gengið með hana í átt að kirkjugarðinum. Vitnið kveðst einskis hafa spurt stúlkuna, en hún hafi tjáð sig og hann leyft henni að tala. Hafi hún sagt, að maðurinn hafi sagst vera pabbi hennar. Tekur vitnið fram, að það, sem stúlkan sagði, hafi verið samhengislaust og í sundurlausum setningum. Hún hafi sagt, að maðurinn hafi sýnt á sér typpið og beðið sig að koma við það, en hún hafi svarað, að það mætti ekki. Þá hafi hún einnig sagt, að maðurinn hafi slegið sig „alltaf í hausinn“, og hann hafi hætt, þegar hann sá ljósin í kirkjugarðinum. Kveðst vitnið telja, að með þessu sé hann búinn að tæma allt það, sem stúlkan sagði við sig“.

Gísli Kristinn Skúlason staðfesti fyrir dómi efni skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu.

Ekki er varhugavert að treysta þeirri niðurstöðu sönnunarmats héraðsdómara, að ákærði hafi haft í frammi kynferðislega áreitni við telpuna.

Samkvæmt þessu hefur ákærði gerst sekur um brot á 2. málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, eins og henni var breytt með 10. gr. laga nr 40/1992. Jafnframt verður fallist á, að 209. gr. hegningarlaganna, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, komi þá ekki til álita. Í 202. gr. er sérákvæði um kynferðislega áreitni, sem beinist að börnum, og eru þá ekki efni til að beita jafnframt ákvæði í lögum nr. 53/1966.

Í héraðsdómi er vikið að sakaferli ákærða og getið um reynslu- lausn, sem honum var veitt á 257 daga fangelsi. Ákærði hefur verið í varðhaldi frá 10. október 1992 vegna þess brots, sem hér er fjallað um.

Brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga getur varðað fangelsi allt að einu ári og brot gegn 244. gr. fangelsi allt að sex árum. Brot gegn 193. gr. laganna getur varðað fangelsi ævilangt. Brot gegn 226.

gr. geta varðað fjögurra ára fangelsi. Brot ákærða gegn 2. málslið 1. mgr. 202. gr., sbr. lögín frá 1992, getur varðað fjögurra ára fangelsi. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að taka tillit til skil-orðsrofanna sem getið var. Þá ber og að taka tillit til þess, að ákærði fór heimildarlaust inn í íbúðarhús á næturþeli. Hann tók sjö ára stúlku úr rúmi hennar fáklædda og bar hana í næturmyrkri, líklega meira en 800 metra, um svæði, þar sem ekki var von mannaferða, og sýndi henni kynferðislega áreitni. Móðir stúlkunnar og nágrenni urðu mannaferða vör, og lögregla brást skjótt við, svo að barnið fannst, sennilega um 35 mínútum eftir, að ákærði tók það með sér. Var barnið þá klæðlítið á bersvæði, og hafði ákærði rétt áður sleppt því og reynt að komast undan.

Við ákvörðun refsingar verður að gera ráð fyrir því, að stúlku-barnið hafi verið í alvarlegri hættu statt.

Meðal málsskjala er skýrsla Gísla Á. Þorsteinssonar, læknis og sérfræðings í geðlækningum, frá 30. júní 1987. Í lokaorðum skýrslunnar segir meðal annars:

„Niðurstaða þessarar geðheilbrigðisrannsóknar er í stuttu máli á þá leið, að Trausti er hvorki haldinn meiri háttar geðsjúkdómi né heldur áberandi taugaveiklunareinkennum. Hann er hvorki vitsmunalega þroskaheftur né greindarskertur, skv. sálfræðiprófum er eðlisgreind hans í lágu meðallagi. Hins vegar hefur greindin nýst honum illa vegna stopullar skólagöngu og ekki síður vegna verulega afbrigðilegs og vanþroska persónuleika. Trausti Róbert er haldinn persónuleikatrufunum, sem eru þess eðlis, að honum veitist erfitt að sýna öðrum nægilega tillitssemi og fara eftir reglum samfélagsins. Hann á erfitt með að draga lærdóm af fyrri reynslu og gerir því sömu skýssurnar aftur og aftur þrátt fyrir geigvænlegar afleiðingar fyrir hann sjálfan, sem hann gerir sér vitsmunalega grein fyrir. Trausti Róbert á sér einnig langa sögu um misnotkun áfengis og annarra vímuefna, s. s. hass, örvandi og róandi lyfja ...“

Í málinu hefur einnig verið lögð fram skýrsla dr. Hannesar Péturssonar yfirlæknis frá 27. október 1992, þar sem segir meðal annars:

„Álit undirritaðs byggir m. a. á niðurstöðu þeirrar geðheilbrigðisrannsóknar, er fór fram árið 1987. Í viðtali hefur ekkert komið fram, sem gæti bent til breytinga á geðheilsu á síðustu fimm árum.

Ljóst virðist, að Trausti Róbert hefur verið undir umtalsverðum áfengis- og fíkniefnaáhrifum, þegar atburður sá átti sér stað, er mál þetta fjallar um, en hann kveðst hafa sæmilegt minni fyrir atburðarásinni fram til þess, er hann var handtekinn, þó að hann eigi erfiðara með að skýra ástæður verknaðarins. Við geðskoðun hafa ekki greinst nein merki um formlegan geðsjúkdóm (psychosis), meiri háttar taugaveiklun, greindarskort eða aðra þá þætti, er kynnu að hafa í för með sér skerðingu á sakhæfi ...“.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, mældist vínandi í blóði ákærða 1,12%. Ekki verður séð, að með rannsókn hafi verið leitað að öðrum efnum, sem ákærði kveðst hafa neytt, áður en hann fór að

Þegar ofanskráð er virt, ber á grundvelli fyrrgreindra refsíákvæða og samkvæmt 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga svo og 17. gr., 60. gr. og 255. gr. sömu laga að ákveða refsingu ákærða fangelsi fjögur ár. Gæsluvarðhaldstími kemur til frádráttar samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði. Hinn skipaði verjandi byggði kröfu sína um, að kostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði, á því, að ákærði væri eignalaus og hefði ekki tekjur, svo að hann gæti ekki greitt kostnað við málið. Vísaði hann til Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954 (A-deild), en þar segir í 6. gr., 3. mgr. c, meðal annars: „Hafi hann ekki efni á að greiða lögfræðilega aðstoð, skal hann fá hana ókeypis, ef réttarsjónarmið krefjast þess.“ Ekki verður nú fullyrt, hvort ákærða reynist unnt að greiða kostnað þann, sem hér um ræðir. Ekki verður heldur talið, að réttarsjónarmið krefjist þess, að vikið sé í máli þessu frá reglu þeirri, sem nú er í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ekki voru vitni við sumar yfirneyrslur hjá rannsóknarlögreglu, svo sem rétt var eftir 2. mgr. 72. gr. laga nr. 19/1991.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Trausti Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi fjögur ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 10. október 1992.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 100.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Garðars Gíslasonar og Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttardómara.

Við erum samþykkir ákvæði í atkvæði meiri hluta dómara, er lýtur að sakfellingu fyrir brot á 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og tilvísun í 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 70. gr. og tilvísun í 60. gr. og 255. gr. sömu laga.

Með þessum athugasemdum teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Við erum samþykkir ákvörðun meiri hluta dómara um greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 25. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-171/1992: Ákærvaldið gegn Trausta Róbert Guðmundssyni, sem dómtekið var 19. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. nóvember 1992, á hendur ákærða, Trausta Róbert Guðmundssyni, kt. 280471-291, Heiðarbraut 29 D í Keflavík, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 10. október 1992 um klukkan 3.00:

I.

Fyrir húsbrott með því að fara í heimildarleysi inn um ólæstar bakdyr á húsi nr., og er hann varð þess áskynja, að hann var staddur í íbúðarhúsi og íbúar í svefni, farið um húsið í leit að fjárverðmætum í þjófnaðarskyni.

Telst þetta varða við 231. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir sífskapar- og kynferðisbrott með því að hafa á ferð sinni um ofangreint hús farið inn í svefnherbergi telpunnar Í, fæddrar 1985, strokið

telpunni, er þar svaf í bol einum fata, um læri og fótleggi, og er hún vaknaði og kallaði á móður sína, tekið fyrir vit hennar, tekið hana nauðuga upp úr rúminu og hlaupið með hana út úr húsinu og út í Fossvogskirkjugarð og þar farið höndum um kynfæri hennar og sýnt henni getnaðarlim sinn.

Telst þetta varða við 193. gr., 1. mgr. 226. gr., 1. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. laga nr. 40/1992 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Þegar mál þetta var höfðað, lá ekki fyrir refsikrafa af hálfu húsráðenda í á hendur ákærða fyrir húsbrot. Kom slík krafa fyrst fram við aðalmeðferð málsins. Skilja verður 242. gr. hegningarlaganna svo, að óheimilt sé að höfða opinbert mál á hendur manni fyrir húsbrot, nema refsikrafa liggi þá fyrir. Ber af þeirri ástæðu að vísa frá dómi ákæru fyrir brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir.

Klukkan 3.10 laugardagsnóttina 10. f. m. var hringt í lögregluna í Reykjavík úr og tilkynnt, að maður hefði brotist þar inn og numið á brott sjö ára stúlku. Höfðu húsráðendur, þau A, móðir stúlkunnar, og B vaknað við óp í barni og orðið vör við umgang í húsinu og það, að einhver fór út. Höfðu þau svo orðið þess vör, að Í var horfin, en hún hafði sofið í herbergi sínu á efri hæð hússins.

Lögreglumenn hófu þegar leit eftir ábendingu nágretta, sem séð hafði til manns á leið út í Fossvogskirkjugarð. Klukkan 3.44 heyrði lögreglu- maður barnsrödd þar í garðinum og sá til ákærða, sem hélt á barninu. Lagði hann frá sér barnið og hljóp inn í runna, en var handtekinn þar skömmu síðar. Var stúlkan í nærbol einum fata og orðin bæði blaut og köld. Var stúlkunni skilað heim til sín. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var 7 stiga hiti kl. 3 þessa nótt og úðaregn.

Móðir stúlkunnar klæddi hana í þurr föt og fór með hana á slyshadeild Borgarspítalans til skoðunar. Í sjúkraskrá hefur verið fært eftirfarandi um þessa skoðun:

„Hraustleg og eðlilega þroskuð stúlka, í góðu almennu ástandi, kemur eðlilega fyrir, í góðu jafnvægi, skýr og skilmerkileg. Við skoðun sést töluvert stór kúla aftanvert á hvirfli, miðlægt, greinilegur roði yfir hægri kinnbeini, ekki bólga, mar eða sár, klór á báðum kinnum og áberandi roði án mars eða sára yfir lumbal hrygg. Við skoðun á ytri kynfærum er ekkert óeðlilegt að sjá.“

Ákærða var tekið blóð til rannsóknar kl. 4.50 um morguninn, og reyndist það hafa að geyma 1,12% af vínanda.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis og vímuefna þessa nótt, eftir að hann hafði verið á ölkrám í miðbænum. Hann hafi farið í leigubíl á stöð BSÍ og haldið þaðan gangandi upp Öskjuhlíð og yfir í Hlíðahverfi andspænis Fossvogskirkjugarði. Hann hafi komið að húsabaki að og farið þar inn um ólæstar þvottahússdyr til þess að hvíla sig. Þegar hann hafi orðið þess áskynja, að þetta væri íbúðarhús, hafi hann farið að leita að peningum. Hann hafi gengið um húsið og gáð fyrst í stofurnar, en svo inn í svefnherbergin og séð, að þar svaf fólk. Síðast hafi hann komið inn í herbergi, þar sem einhver hafi verið sofandi í rúmi. Mannveran hafi risið upp við dogg og kallað á mömmu sína, og kveðst hann þá hafa skynjað, að þetta var barn. Hann hafi þá gengið að stúlkunni og tekið fyrir munn henni og hlustað eftir því, hvort nokkur hefði heyrt, þegar hún kallaði. Hann hafi svo ákveðið að taka barnið með sér og skilja það svo eftir einhvers staðar og forða sér á brott. Hann hafi tekið stúlkuna upp og haldið fyrir munn henni og sagt henni að vera róleg. Hafi hann borið hana niður stigann og út um þvottahússdyrnar. Hafi hann ætlað að skilja stúlkuna eftir við sorptunnur, sem þarna eru skammt frá, en hún hafi ekki viljað vera þar berfætt, eins og hún hafi verið, og kalt í veðri. Hann hafi þá farið úr jakkanum og brugðið utan um stúlkuna, borið hana í fangi sér út í kirkjugarðinn og ætlað að skilja hana þar eftir til þess að fá ráðrúm til þess að koma sér undan. Hann hafi lyft henni yfir girðingu og klifrað yfir á eftir. Hann hafi gengið um með hana í garðinum, en skömmu síðar hafi hann séð, að lögreglan var komin með ljós efst í garðinn. Hann hafi þá gengið niður garðinn, niður undir fjöru, en svo snúið við og ætlað út á stíg, sem er neðst í garðinum. Hafi hann þá mætt lögreglumönnum og sett stúlkuna niður og reynt að fela sig, en verið handtekinn. Ákærði neitar að hafa barið stúlkuna, en kveðst hafa tekið harkalega á henni, þegar hann bar hana út. Þá hefur hann frá upphafi staðfastlega neitað að hafa áreitt hana kynferðislega.

Jón Sigurður Ólason lögregluþjónn tók stúlkuna að sér, þegar ákærði hafði látið hana lausa í kirkjugarðinum. Hefur hann skýrt frá því, að hún hafi verið blaut og köld og kjókrað í fyrstu, en róast mjög fljótt. Hafi hún sagt frá því að fyrri bragði, að maðurinn hefði barið hana í höfuðið og sýnt henni typpið á sér. Hafi hún sagt við hann, að þetta mætti hann ekki. Vitnið hefur ekki komið fyrir dóm vegna fjarveru í útlöndum, en ekki þykir varhugavert að treysta skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglu, sbr. 3. mgr. 48. gr. oml.

Gísli Kristinn Skúlason lögregluþjónn var einn þeirra, sem leituðu að barninu og ákærða í kirkjugarðinum. Fylgdi hann mæðgunum A og Í á slysadeild Borgarspítalans. Hefur hann skýrt frá því, að þar hafi Í sagt frá því, að maðurinn hefði sýnt henni typpið á sér og beðið hana að snerta það.

Hefði hún sagt, að það væri dónalegt og mætti ekki. Þá hefði hún einnig sagt, að maðurinn hefði komið við og potað í „pjöllum“ hennar, en hún sagt, að þetta mætti hann ekki, og beðið hann að hætta. Hann hefði þó ekki hætt. Vitni þetta hefur ekki heldur komið fyrir dóm af sömu ástæðu og Jón Sigurður. Ekki þykir varhugavert að treysta skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglu.

A, móðir stúlkunnar, hefur skýrt frá því, að stúlkan hafi verið í uppnámi, þegar komið var með hana heim úr kirkjugarðinum. Hafi hún sagt, að þegar hún hefði vaknað, hefði maðurinn verið að káfa á henni, og hefði hún látið hendurnar fyrir „pjöllum“ til þess að reyna að hindra káfið í honum. Þá hefði hún sagt, að maðurinn hefði haldið fyrir munn henni og sýnt henni typpið á sér. Hefði stúlkan verið mjög miður sín, þegar hún sagði frá þessu.

Stúlkan kom sjálf fyrir dóm undir aðalmeðferð málsins. Var skýrsla hennar tekin upp á myndband í skrifstofu dómarans að viðstöddum sakflytjendum og móðurinni. Er skýrsla hennar greinargóð og í samræmi við það, sem komið hefur fram hjá vitnum, og einnig í samræmi við frásögn ákærða að öðru leyti en því, sem lýtur að hinu kynferðislega athæfi. Kveður hún ákærða hafa káfað á kvið hennar og lærum, þar sem hún lá í rúmi sínu. Þá hafi hann sýnt henni á sér typpið í kirkjugarðinum og beðið hana að snerta það. Eins hafi hann beðið um að fá að prófa að koma við kynferin á henni og káfað í nárann á henni og á lærum hennar.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða telst vera sannað, að hann fór um húsið í leit að verðmætum til þess að stela. Hefur hann með því orðið sekur um brot gegn 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Með játningu ákærða, skýrslu barnsins Í og annarra vitna, sem styðjast við önnur sakargögn, telst einnig vera sannað, að hann tók Í nauðuga úr herbergi hennar þar í húsinu og hljóp með hana út í Fossvogskirkjugarð og hélt á henni á ferð sinni um garðinn. Hefur hann með þessu orðið sekur við 193. gr. almennra hegningarlaga, sem þykir hér tæma sök gagnvart 1. mgr. 226. gr. laganna.

Ákærði hefur staðfastlega og frá upphafi neitað að hafa leitað kynferðislega á barnið. Á hitt er að líta, að hann hefur ekki gefið trúlega skýringu á því, hvers vegna hann nam barnið á brott og fór með það út í kirkjugarðinn. Þá er og á það að líta, að barnið skýrði þegar í upphafi og ótilkvatt ókunnugum lögreglumanni frá kynferðislegu athæfi ákærða við hana og hefur haldið fast við skýrslur sínar í málinu. Er frásögn hennar af atburðinum greinargóð, trúverðug og í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu. Þykir ekki vera varhugavert að treysta henni um þetta

sakarefni þrátt fyrir neitun ákærða. Þykir hann vera sannur orðinn að því að strjúka henni á lostugan hátt um læri í herbergi hennar og fara höndum um kynfæri hennar í kirkjugarðinum og sýna henni þar getnaðarlim sinn. Athæfi ákærða að þessu leyti verður að meta í heild sinni og í samhengi við brott nám barnsins. Þykir það varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Koma þá ekki til álita ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Viðurlög.

Ákærði hefur, frá því að hann varð sextán ára, hlotið ellefu refsivistar-dóma, mestmegnis fyrir hegningarlaga brot. Þar af eru sjö þungir og óskil-orðsbundnir fangelsisdómar frá því um mitt ár 1988. Ákærða var í vor veitt skilorðsbundin reynslulausn af 257 fangelsisdögum. Hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber að dæma hana upp og gera ákærða refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár. Frá refsingu ákærða ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. október sl., samtals 46 daga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hrl., 70.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi í 5 ár. Frá refs-ingunni dregst 46 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til verj-anda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.